



Alþingi
Erindi nr. P 140/869
komudagur 3.1.2012

3. janúar 2012

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd, Eiríkur Áki Eggertsson, ritari

Sendandi: Skristofa bankastjóra, Jón Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri

Efni: Frumvarp um kvótahækkun, svör við spurningum nefndarmanna í Efnahags- og Viðskiptanefnd ásamt viðauka

1. Hinn 5. nóvember 2010 samþykkti framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) tillögur sem miða að því að ljúka 14. endurskoðun á kvótum aðildarríkja með því að tvöfalda kvóta ríkjanna í 476,8ma SDR sem samsvarar 755,7ma USD.
2. Einnig voru samþykktar breytingar á kvótahlutdeild sem miða að því að auka vægi nýmarkaðsríkja og samsvarandi breytingar á skipan framkvæmdastjórnar, sem verður nú öll kosin af aðildarríkjum. Skipan framkvæmdastjórnar mun því endurspegla betur samsetningu og núverandi vægi aðildarríkjanna í heimsbúskapnum. Þessar breytingar fylgja í kjölfar breytinga á stofnskrá ásamt kvótabreytingum sem voru lagðar fram til samþykktar 2008 (e. Voice and Participation Amendment, *ad hoc* quota increase).
3. Gert er ráð fyrir að kvóti Íslands hækki úr 117,6 milljónum SDR í 321,8 milljónir SDR eða um 173% og mun hlutdeild Íslands í kvótum sjóðsins hækka nokkuð við þessa breytingu eða úr 0,055% í 0,067%. Gangi framangreind áform eftir mun kvóti Íslands jafngilda 60,5ma. kr. miðað við gengi SDR 16. október 2011.
4. Þessi kvótaaukning felur í sér aukið aðgengi að lánaþyrngreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í ljósi þess umróts sem ríkir á alþjóðlegum fjármálamörkuðum felur þessi kvótaaukning í sér auknar varnir fyrir Ríkissjóð Íslands ef á þarf að halda.
5. Við samþykkt kvótahækkunar gætu vextir sem Ísland greiðir til AGS í framtíðinni lækkað þar sem vaxtaálag fer eftir því hversu útistandandi lánsupphæð er stórt margfeldi af kvóta.
6. Til að breytingar á kvótum taki gildi þurfa aðildarríki með að minnsta kosti 70% af atkvæðavægi sjóðsins að samþykkja hækkunina og breytingar á skipan framkvæmdastjórnar þurfa einnig að hafa tekið gildi. Hinn 12. desember höfðu 53 af 187

- ríkjum með 35.96% af kvótum (miðað við kvóta þeirra 5.11. 2010) samþykkt kvótahækkunina.
7. Til að breytingar á stofnskrá um skipan framkvæmdastjórnar og fl. taki gildi þarf samþykki minnst 3/5 aðildarríkjanna (113) með 85% af heildaratkvæðum. Hinn 12. desember 2011 höfðu 38 aðildarríki með 30.08% af atkvæðum gengið frá samþykkt.
 8. Í samþykkt Sjóðráðs (e. Board of Governors) AGS fyrir breytingunum var þeim tilmælum beint til aðildarríkjanna að þau reyndu að gefa samþykki og ljúka málinu fyrir ársfund sjóðsins í október 2012.
 9. Eftir því sem næst verður komist stefna Norðurlönd að samþykki breytinganna fyrir áramót en Eystrasaltsríkin nokkru síðar. Ekki er vitað um andstöðu innan AGS við kvótahækkunina. Málið hefur ekki verið tekið fyrir á Bandaríkjaþingi samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu fastafulltrúa Banaríkjanna hjá sjóðnum. Hins vegar er ljóst að málið verður umdeilt á bandaríska þinginu.
 10. Lánsgeta sjóðsins (e. forward commitment capacity) er nú um 393ma USD. Tvöföldun á kvóta mun styrkja lánsgetu hans verulega en einnig getur sjóðurinn tekið lán hjá aðildarríkjum samkvæmt sérstöku samkomulagi við fjársterk ríki um viðbúnaðarlán eða sérstök fjárframlög.
 11. Ef verstu sviðsmyndir rætast gæti þurft mun meiri fjármuni en AGS hefur yfir að ráða til að aðstoða ríki í fjárhagsvanda á næstu árum. Sjóðurinn er hins vegar ekki einn á báti og munu sjóðir ESB ásamt aðstoð frá fjársterkum ríkjum einnig koma við sögu.
 12. Nokkurs misskilnings hefur gætt varðandi hugmyndir sem komu fram á leiðtogafundi Evrópusambandsins 9. desember síðastliðinn um sérstakt framlag ESB til AGS. Upphaflega átti framlagið að vera að upphæð 200ma evra en nú er samþykkt upphæð 150ma evra. Þetta framlag er óviðkomandi kvótaaukningunni. Ætlunin er að styrkja getu AGS til að styðja við bakið á löndum í erfiðleikum og vera þannig viðbót við björgunarsjóði sambandsins. Fjárframlagið verður lagt í almennan sjóð AGS (e. General Resource Account, GRA). Aðgerðir til hjálpar Grikklandi, Írlandi og Portúgal hafa verið samvinnuverkefni ESB og AGS að miklu leyti. Lokaákvörðun um þetta viðbótarframlag liggur ekki fyrir. Bretar og nokkur önnur ESB lönd voru ekki hlynnt upphaflegu tillögunni og hafa ekki ákveðið hvort eða að hve miklu leyti þau muni taka þátt í viðbótarframlögum til AGS.

13. Stofnframlag Íslands er að þremur fjórðu í formi fjármuna sem AGS eignast í Seðlabankanum, u.þ.b. 28 milljarðar ISK. (Einn fjórði er greiddur til AGS í erlendum gjaldeyri eins og kemur fram í tölulið 15 hér að neðan) AGS er einungis heimilt að draga á 75% framlag til AGS í myntum einstakra aðildarlanda ef þær teljast til svonefnds Financial Transaction Plan (FTP). Frá því að AGS tók til starfa á árinu 1947 hefur íslenska krónan aldrei talist til FTP þar sem skilyrði til þátttöku hafa aldrei verið uppfyllt, en þau eru m.a. sterk ytri staða og öflugur gjaldeyrisforði. Uppfylli Ísland skilyrði FTP í framtíðinni getur AGS dregið á 75% hlutann samkvæmt sérstöku samkomulagi við stjórnvöld. Hins vegar skal tekið fram að sjóðurinn dregur hlutfallslega jafnt á kvóta allra landa innan FTP.
14. Varðandi spurningu um áhrif á gjaldeyrisstöðu: Innstæða AGS er færð í ISK og hefur ekki áhrif á gjaldeyrisforða.
15. Fjórðungur framlagins til AGS sem greitt er með SDR telst vera hluti af gjaldeyrisforðanum. Við greiðslu breytist hins vegar samsetning forðans þar sem AGS fær framlagið til varðveislu. Fjármálaleg áhætta af þessari tilfærslu telst vera hverfandi eða ekki meiri en af ríkisskuldabréfaeign fjársterkra ríkja. Að baki AGS standa fjársterkustu ríki heims, lán frá AGS hafa forgang samkvæmt venju á fjármálamarkaði og sjaldgæft er að lán séu í vanskilum. Í örfáum tilvikum hefur slíkt orðið vegna innanlandsófriðar eða stríðs. Þá á sjóðurinn mikinn varaforða, m.a. hátt í 3000 tonn af gulli sem er skráð á gömlu lágu gullgengi í bókum hans.
16. Vaxtatekjur af framlagi í SDR eru svipaðar og þær vaxtatekjur sem myndu annars fást um þessar mundir af þeim hluta gjaldeyrisforðans sem nemur þessari tilfærslu.
17. Þátttaka Íslands í AGS á sér áratugalanga hefð og er hluti af virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Í málefnum sem varða Ísland beint hefur samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn verið farsælt. Varla er ágreiningur um þau gildi sem sjóðurinn stendur fyrir hvað varðar þörf á skynsamlegri efnahagsstjórn, gagnsæjum leikreglum og festu í efnahagssamskiptum á milli þjóða og eflingu alþjóðaviðskipta.

Fylgiskjal: Viðauki – brot úr sögu samskipta Íslands og AGS

Viðauki: brot úr sögu samskipta Íslands og AGS

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn rekur, ásamt Alþjóðabankanum, rætur sínar til ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Bretton Woods í New Hampshire fylki í Bandaríkjunum 1.-22. júlí, árið 1944. Markmið ráðstefnunnar var m.a. að koma á fót nýjum vettvangi efnahagssamvinnu sem hefði það hlutverk að efla alþjóðlega samvinnu í gjaldeyrismálum, stuðla að stöðugu gengi mynta og greiða fyrir frjálsum gjaldeyrisviðskiptum. Ein meginástæða þess að AGS var komið á fót var að í kjölfar kreppunnar miklu fylgdu nær öll ríki heims einangrunarstefnu sem leiddi til mikils samdráttar í viðskiptum og aukins atvinnuleysis og dýpri kreppu. Tilgangur hins nýja vettvangs efnahagssamvinnu var ekki síst að koma í veg fyrir að sagan endurtæki sig.

Ísland var eitt af stofnríkjum AGS árið 1944 og er í kjördæmi með Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjum. Norðurlöndin hafa starfað saman á vettvangi sjóðsins síðan 1952 en Eystrasaltsríkin gengu til liðs við þau árið 1992 eftir að hafa fengið inngöngu í sjóðinn.

Í framsöguræðu Ólafs Thors um þá tillögu ríkisstjórnarinnar að Ísland gerðist þátttakandi Sameinuðu Þjóðanna árið 1946, var einmitt vikið að þátttöku Íslands á fjármálaráðstefnu hinna sameinuðu þjóða í Bretton Woods. Í ræðu sinni sagði Ólafur m.a. að eitt að aðalmarkmiðum ríkisstjórnarinnar sem mynduð var á lýðveldisárinu 1944 væri að beita sér fyrir því að Ísland yrði þátttakandi í alþjóðlegri samvinnu. Enn fremur sagði Ólafur að það væri í fullu samræmi við þörf hinar fámennu íslensku þjóðar að leggja sinn litla en einlæga skerf til alþjóðlegs samstarfs í því skyni að efla bræðralag allra þjóða og stuðla að friðsamlegri lausn þeirra ágreiningsmála er upp kynnu að koma þjóða á milli.

Fjármálaráðstefnan í Bretton Woods (Tíminn 25. Ágúst 1944)

Skýrsla ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin hefur sent blöðunum til birtingar skýrslu um fjármálaráðstefnuna í Bretton Woods. Áður hefir birzt í Tímanum viðtal við Svanbjörn Frimannsson, formann viðskiptaráðs, er var einn þriggja fulltrúa Íslendinga á ráðstefnunni. Í skýrslu ríkisstjórnarinnar segir nokkru gerr frá þessum málum. Samkvæmt boði Bandaríkjustjórnar sendi íslenska ríkisstjórnin þrjá fulltrúa á peninga- og fjármálaráðstefnu, sem haldin var í Bretton Woods í Bandaríkjunum 1.—24. júlí síðastliðinn. Fulltrúar Íslands voru þeir Magnús Sigurðsson, Landsbankastjóri, Ásgeir Ásgeirsson, bankastjóri og Svanbjörn Frimannsson, formaður Viðskiptaráðs. Ritari nefndarinnar var ungrú Martha Thors.

Saga þessa máls, í fáum dráttum, er sú, að í aprílmánuði 1943 birtust tvenns konar tillögur um alþjóðafjármálaviðskipti að ófriðnum loknum. Tillögur Bandaríkjustjórnar voru um Alþjóðagengisfestingarsjóð og eru kenndar við Mr. White, aðalhöfund þeirra. Tillögur Bretastjórnar voru aftur um gjaldeyrissöfnunarsjóð og eru þær kenndar við

Lord Keynes. Um líkt leyti voru og birtar tillögur frá Kanadastjórn og frönskum fjármálamönnum. Fyrir forgöngu Bandaríkjanna var svo unnið að samkomulagstillögum um þessi mál allt fram til þess að fundurinn í Bretton Woods hófst, og tóku þátt í þeim undirbúningi sérfræðingar frá 30 þjóðum, en til fundarins í Bretton Woods var boðið 44 þjóðum og sendu allir fulltrúa. Voru það einkum sérfræðingar sem mættu á þeim fundi, útnefndir af viðkomandi stjórnunum en enginn hafði fullnaðarumboð til að skuldbinda stjórn sína.

Aðstoð sjóðsins við Ísland

Ísland hefur fjórum sinnum hlotið fjárhagsaðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Fyrsta lánið var veitt 1960 í tengslum við efnahagsumbætur stjórnvalda, viðreisnina. Eftir það fékk Ísland þrisvar sinnum lán hjá sjóðnum vegna greiðsluhallaerfiðleika. Árin 1967-1968 vegna skyndilegrar og stórfelldrar minnkunar útflutningstekna. Enn árin 1974-1976 úr sérstökum olíusjóði (e. Oil Facility) vegna hækkunar á olíuverði og aftur 1982 úr sérstakri lánadeild vegna samdráttar í útflutningstekjum. Ísland varð skuldlaust við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn árið 1987.

Í kjölfar bankahrunsins í október 2008 óskuðu íslensk stjórnvöld formlega eftir samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Einn meginþátta í starfsemi sjóðsins er eftirlit með efnahagsmálum landa. Úttektir á íslenskum efnahagsmálum eru gerðar með reglulegu millibili á eins til tveggja ára fresti.

Tímaröð samvinnu AGS og Íslands

- | | |
|------------|--|
| 1945 | Ísland er eitt af stofnríkjum AGS |
| 1960 | Fyrsta lán til Íslands veitt |
| 1967-1968 | Annað lán til Íslands veitt |
| 1974-1976 | Þriðja lán til Íslands veitt |
| 1982 | Fjórða lán til Íslands veitt. Ísland borgaði lánið upp árin 1986 og 1987. |
| 24.10.2008 | Fréttatilkynning AGS um umsókn Íslands um nýtt lán |
| 3. 11.2008 | Viljayfirlýsing stjórnvalda og AGS um samstarf að efnahagsáætlun undirrituð |
| 19.11.2008 | Stjórn sjóðsins samþykkir lán að upphæð 2,1 milljarður dala í tengslum við áætlunina |
| 26.08.2011 | Sjöttu og síðustu endurskoðun áætlunarinnar frá október 2008 lýkur. |